

Júlí 2025

Stjórnskipulag aðgerðastjórnar á Suðurnesjum



Lögreglan á Suðurnesjum

**Stjórnskipulagsáætlun fyrir
umdæmi lögreglustjórans á
Suðunesjum**

Unnin af Lögreglustjóranum á Suðunesjum,
Almannavarnanefnd Suðunesja utan Grindavíkur,
Almannavarnanefnd Grindavíkur

Athugasemdir við áætlunina skal senda til
lögreglustjórans á Suðunesjum í netfangið

almannavarnirsudurnes@logreglan.is

Efnisyfirlit

2	Staðhættir	4
3	Viðbragð innan umdæmis	6
4	Virkjun	10
5	Stjórnkerfi	13
6	Starfssvæði	20
7	Fjarskipti/samskipti	29
8	Breytingarsaga	31

1 INNGANGUR

Stjórnskipulagsáætlun fyrir aðgerðastjórn á Suðurnesjum segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Áætlunin er unnin af lögreglustjóranum á Suðurnesjum, í samstarfi við almannavarnasvið ríkislögreglustjóra, almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur og almannavarnanefnd Grindavíkur. Allir viðbragðsaðilar og aðrir sem nefndir eru í áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið stjórnskipulagsáætlunar og atvikaáætlana sem henni fylgja fyrir hvert einstakt atvik eru að tryggja skipulögð fyrstu viðbrögð í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Atvikaáætlunir eru leiðbeinandi um fyrstu viðbrögð en fela ekki í sér endanleg fyriræmi, þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta fyrirkomulagi með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Stjórnskipulag aðgerðastjórnar á Suðurnesjum tekur til almannavarna aðgerða í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Atvikaáætlunir eru fyrir viðburði sem þarfnast frekari áætlunargerðar og útskýringa.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, í samvinnu við almannavarnasvið ríkislögreglustjóra, ber ábyrgð á virkni áætlana innan umdæmisins og að þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á áætlunum. Ritstjórn er á ábyrgð lögreglustjórans á Suðurnesjum og skal að jafnaði endurskoða áætlunir á fjögurra ára fresti.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum skal beita sér fyrir því að atvikaáætlunir séu æfðar reglulega í það minnsta á fjögurra ára fresti og kynntar aðilum sem hlutverk eiga í þeim. Tengiliðalistar fyrir lykilstarfsmenn, stofnanir og samstarfsaðila liggur fyrir í aðgerðastjórnstöð umdæmis og eru uppfærðir reglulega.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á vettvangi.

Við gerð stjórnskipulags- og atvikaáætlana var stuðst við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir, reglugerð nr. 323/2010 um gerð og efni viðbragðsáætlana, reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnarstiga, reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna og ákvæði lögreglulaga nr. 90/1999

Áætlun þessi er vistuð á ytri vef almannavarna og í skjalasafni lögreglu samanber stjórnsýslulög nr. 37/1993

Viðbragðsáætlunin tekur gildi.

01.07.2025

Áætlunin er undirrituð rafrænt

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Ríkislögreglustjóri

Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur

Almannavarnanefnd Grindavíkur

2 STADHÆTTIR

2.1 Umdæmið

Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum samkvæmt áætlun þessari nær frá mörkum Grindavíkurbæjar í austri, frá Seljabót í Herdísarvík norður til Bláfjalla, þaðan í vestur að Trölladyngju og norður til sjávar rétt vestan við Álverið í Straumsvík. Suður af Kleifarvatni er landssvæði sem tilheyrir Hafnarfirði. Innan umdæmisins eru Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar.

Í umdæminu er Keflavíkurflugvöllur, stærsti alþjóðaflugvöllur landsins. Um flugvöllinn fóru 8,4 milljónir farþega árið 2024 og gera spár ráð fyrir fjölgun farþega í framtíðinni. Fjölsóttasti ferðamannastaður í umdæminu er Bláa Lónið, en þar geta verið um 1200 manns á hverjum tíma. Fleirri vinsælir áfangastaðir ferðamanna eru í umdæminu. Um 95% ferðamanna sem heimsækja landið fara í gegnum umdæmið.

Fimm þekkt eldstöðvakerfi eru innan umdæmisins. Kerfin eru nátengd en þau eru Reykjaneskerfið sem er vestast á skaganum, Svartsengi sem er norður af Grindavík, Fagradalsfjall sem er litlu austar, Krýsuvíkurkerfið, kennt við Krýsuvík og Brennisteinsfjallakerfið sem einnig er kennt við Bláfjöll.

Skipulög tjaldsvæði eru nokkur á svæðinu.

Einn helsti þjóðvegur landsins, Reykjanesbrautin, liggur í umdæminu.



2.2 Áhættuþættir

Helstu atburðir sem gætu kallað á virkjun viðbragðsáætlana innan umdæmisins.

1.	Hópslys	
2.	Samgöngutruflanir	Vegaðastoð – flutningur mikill fjöldi fólks á þjóðvegum
3.	Eldgos	
4.	Jarðskjálftar	
5.	Flugslys	
6.	Gróðureldar	
7.	Eitranir	CBRNE veikindi, sýking eða matareitrun
8.	Heimsfaraldur	
9.	Óveður	
10.	Mengunarslys	
11.	Röskun á virkni innviðum	
12.	Sjávarflóð og áhlaðandi	

2.3 Sveitarfélögin

Fjögur sveitarfélög eru innan umdæmisins og stærð þeirra nokkuð breytileg. Reykjanesbær er stærst með rúmlegar 22 þúsund íbúa. Þann 1. janúar 2025 voru 31.488 íbúar skráðir með fasta búsetu í umdæminu.

Nánar má finna upplýsingar um sveitarfélögin á [heimasíðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga](#)

Nánari upplýsingar um íbúafjölda í sveitarfélögum er hægt að nálgast á [heimasíðu Þjóðskrá Íslands](#).

3 VIÐBRAGÐ INNAN UMDÆMIS

Skipulag almannavarna fer hér á eftir.

3.1 Almannavarnanefndir

Innan umdæmisins starfa tvær almannavarnanefndir. Almannavarnanefnd skal skipuð lögreglustjóra umdæmisins, fulltrúum úr sveitarstjórn, slökkviliðsstjórum sveitarfélaganna og annara viðbragðsaðila á svæðinu og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Almannavarnafulltrúi starfar innan umdæmisins. Hann er starfsmaður lögreglustjóra og er á sama tíma framkvæmdastjóri almannavarnanefndar Suðurnesja, utan Grindavíkur.

3.1.1 Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur

Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar standa að einni almannavarnanefnd.

3.1.2 Almannavarnanefnd Grindavíkur

Almannavarnanefnd er í Grindavík.

3.2 Lögreglan

Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum nær frá Seljabótarnefi í Herdísarvík í austri og þaðan norður til Bláfjalla, þaðan vestur að Trölladyngju og þaðan norður til sjávar rétt vestan við álverið í Straumsvík. Suður af Kleifarvatni er landssvæði sem tilheyrir Hafnarfirði. Svæðið er u.þ.b. 818 ferkílómetrar að stærð. Ein lögreglustöð er í umdæminu, staðsett á Hringbraut 130 í Reykjanesbæ.

3.2.1 Reykjanesbær - Brekkustígur

Skrifstofa lögreglustjóra er á Brekkustíg 39, í Reykjanesbæ.

3.2.2 Reykjanesbær - Hringbraut

Lögreglustöðin er á Hringbraut 130, Reykjanesbæ. Þar er sólarhringsvakt.

3.2.3 Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Starfsmenn flugstöðvarsviðs sinna landamærefartiliti og landamæragæslu í flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt öðru lögreglueftirliti. Þar er sólarhringsvakt.

3.3 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja HSS

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) starfar í sama umdæmi og lögreglan á Suðurnesjum. Aðalstarfsemi hennar er á Skólavegi 6 í Reykjanesbæ.

3.3.1 Reykjanesbær

Í Reykjanesbæ er sólarhringsvakt. Þar er bráðamóttaka, sjúkradeild, fæðingadeild og hjúkrunardeild ásamt heilsugæslu. Einnig er þar rannsóknarstofa ásamt myndgreiningu.

Viðbragðsgeta:

Grænir: 25 einstaklingar

Gulir: 2 einstaklingar

Rauðir: 0 einstaklingar

3.3.2 Vogar

Heilsugæslusel er opið tvo daga í viku. **Viðbragðsgetu er stýrt frá Reykjanesbæ.**

3.3.3 Sjúkraflutningar

Brunavarnir Suðurnesja (BS) sinna sjúkraflutningum í umdæminu. Slökkviliðsstöðin er staðsett við Flugvallarveg 33, Reykjanesbæ.

3.3.4 Einkarekin heilsugæsla

Heilsugæslan Höfði er við Aðalgötu 60 í Reykjanesbæ. Þar er hægt að taka á móti grænum sjúklingum ef leitað er eftir því sérstaklega.

3.4 Umdæmislæknir sóttvarna

Umdæmislæknir sóttvarna er starfandi í sóttvarnaumdæmi Suðurnesja sem er það sama og hjá lögreglu. Umdæmislæknir sóttvarna er tilnefndur af ráðherra og er ábyrgur fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegri stjórn sóttvarnalæknis. Umdæmislæknir skal hafa samstarf við sóttvarnalækni um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögreglufirvalda ef með þarf.

Umdæmislæknir sóttvarna hefur heimild til að virkja viðbragðsáætlanir þær sem eru á sameiginlegri ábyrgð ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis í samráði við sóttvarnalækni. Umdæmislæknir á sæti í aðgerðastjórn í þeim atburðum sem varða sjúkdóma sem falla undir sóttvarnalög.

Umdæmislæknir sóttvarna á Suðurnesjum er jafnframt framkvæmdastjóri lækninga á HSS.

3.5 Slysavarnarfélagið Landsbjörg

Ein svæðisstjórn er í umdæminu svæðismörk hennar eru þau sömu og lögreglustjórans.

Svæðisstjórn fer með tæknilega stjórn sinna eininga í aðgerðum. Hún tryggir að réttar einingar séu boðaðar í verkefni. Landsstjórn er bakland svæðisstjórnar og kallar til bjargir utan umdæmis ef þörf er á.

Á svæðinu starfa fimm björgunarsveitir. Björgunarskip er staðsett í Sandgerði og annað í Grindavík.

3.5.1 Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2

Svæðisstjórn á svæði 2 er með aðstöðu í húsnæði Brunavarna Suðurnesja á Flugvöllum 33 í Reykjanesbæ en starfssvæði hennar er allt umdæmi lögreglustjóra.

3.6 Rauði krossinn á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi gegnir stoðhlutverki við stjórnvöld í almannavörnum. Hlutverk félagsins felst meðal annars í umsjón fjöldahjálparstöðva, sinna söfnunarsvæðum aðstandenda og skráningarstöðva, úrvinnslu skráninga, sálfélagslegum stuðningi og aðkomu að rekstri þjónustumiðstöðva almannavarna. Rauði krossinn á fulltrúa í AST og SST í aðgerðum.

Neyðarvarnir Rauða krossins eru landsdekkandi verkefni og bakvaktarsími er opinn allan sólarhringinn sem sér um að kalla út einingar eða deildir eftir þörfum hvers verkefnis eða atvika.

Ein deild er starfandi á Suðurnesjum en viðbrögð eru samræmd á landsvísi. *Rauði krossinn á Íslandi sér um að kalla út viðkomandi viðbragð óháð getu eða búnaði hvernar deildar.*

Nánari upplýsingu má finna á [heimasíðu Rauða krossins á Íslandi](#).

3.6.1 Rauði krossinn á Suðurnesjum

Starfssvæði deildarinnar er Suðurnesin öll. Aðsetur hennar er að Smiðjuvöllum 9, Reykjanesbæ.

3.7 Samráðshópur um sálfélagslegan stuðning í lögregluumdæminu

Í samráðshópi um sálfélagslegan stuðning sitja fulltrúar þeirra stofnana sem standa að samkomulagi um áfallahjálpi í skipulagi almannavarna á Íslandi. Starfsstöð hópsins er í húsnæði aðgerðastjórnar (AST) eða í þjónustumiðstöð almannavarna hafi hún verið sett á laggirnar eða haldnir eru fjarfundir.

Helstu verkefni á hættu- og neyðarstigi eru að afla upplýsinga um viðkomandi vá og/eða atburð og greina þörf á sálfélagslegum stuðningi í umdæminu vegna hennar. Samráðshópurinn sinnir fræðslu og miðlar upplýsingum um áhrif áfalla til íbúa í gegnum vefsíður, samfélagsmiðla og fjölmiðla, miðlar upplýsingum á íbúafundum og annars staðar ef þörf þykir og sinnir viðtölum. Þá vinnur samráðshópurinn að áætlun um fyrirkomulag á færslu sálfélagslegs stuðnings frá Rauða krossinum til staðbundinna aðila. Samhliða því að endurreisnarstarf í heild

sinni færast til viðkomandi sveitarfélaga og annarra staðbundinna aðila. Þetta gerir samráðshópurinn í samvinnu við þjónustumiðstöð almannavarna þegar við á og/eða samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna.

3.8 Slökkvilið

Innan umdæmisins eru tvö almenn slökkvilið og svo flugvallarþjónusta Keflavíkurflugvallar. Í Reykjanesbæ er sólahringsvakt, og er fulltrúi BS fulltrúi slökkviliða í AST. Slökkviliðsstjóri eða hans fulltrúi er verkþáttastjóri á brunavettvangi og fagleg stjórnun aðgerða er snúa að verkþáttum slökkviliðs er undir stjórn hans. Fulltrúi lögreglustjóra er vettvangsstjóri og fer með yfirstjórn á vettvangi.

Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans fer með yfirstjórn á brunavettvangi þangað til aðgerðum er lokið þá er lögreglu afhentur vettvangur samkvæmt lög: 75/2000 um brunavarnir.

3.8.1 Brunavarnir Suðurnesja

BS eru með sólahringsvaktir og sinna öllum Suðurnesjum utan Grindavíkur, jafnframt því að sinna sjúkraflutningum í öllu umdæminu. AST er í húsnæði BS í Reykjanesbæ. Fulltrúi BS á þar sæti sem fulltrúi slökkviliða í umdæminu.

3.8.2 Slökkvilið Grindavíkur

Slökkviliðsstjóri fer fyrir slökkviliði Grindavíkur. Að öðru leyti er það mannað slökkviliðsmönnum í hlutastarfi. Þeirra starfssvæði er innan Grindavíkurbæjar.

3.8.3 Isavia flugvallarþjónusta Keflavíkurflugvallar

Flugvallarþjónusta Keflavíkurflugvallar sinnir slökkvi- og björgunarþjónustu á flugvelli. Umsjón flugbrauta, flughlaða og eftirliti með dýrum innan svæðisins. Flugvallarþjónustan er viðbragðsafl innan flugvallarsvæðis.

3.9 Landverðir

Landverðir eru opinberir starfsmenn á vegum Náttúruverndarstofnunar og starfa í þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og öðrum náttúruverndarsvæðum á Suðvesturlandi. Þeir hafa heimild til að stöðva för fólks og farartækja ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir brot á náttúruverndarlögum.

3.9.1 Reykjanesfólkvangur

Fólkvangurinn er um 300 ferkílómetrar að stærð. Mörk hans að austan eru sýslumörk Gullbringu- og Árnessýslu. Að norðan tengist hann Bláfjallafólkvangi. Vesturmörk fólkvangsins eru vestan við Undirhlíðar og Núpshlíðarháls í sjó við Selatanga. Suðurmörk fylgja strandlínunni. Landvörður er alla jafna í starfi að sumri og hefur aðsetur í Seltúni og eins í Reykjanesbæ. Landvörður starfar náið með lögreglunni.

3.10 Ferðaþjónustan

Mikilvægt er að tryggja rétta upplýsingagjöf til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila þegar vá steðjar að.

AST setur sig í samband við Áfangastaðastofu Reykjaness til að tryggja tengingu og upplýsingaflæði við ferðaþjónustuaðila.

3.11 Húsnæði

Upplýsingar um staðsetningu fasteigna viðbragðsaðila.

3.11.1 Reykjanesbær

Lögreglan	Brekustígur 39, 260 Reykjanesbær Hringbraut 130, 230 Reykjanesbær
AST	Flugvellir 33, 230 Reykjanesbær
VST / Svæðisstjórn	Holtsgata 51, 230 Reykjanesbær
HSS	Skólavegur 8, 230 Reykjanesbær
Heilsugæslan Höfða	Aðalgötu 60, 230 Reykjanesbær
Slökkvilið	Flugvellir 33, 230 Reykjanesbær

3.11.2 Grindavík

VST / Svæðisstjórn	Seljabót 10, 240 Grindavík
Slökkvilið	Hafnargata 13, 240 Grindavík
Sjúkraflutningar	Ufsasund 2, 240 Grindavík

3.11.3 Sandgerði

VST / Svæðisstjórn	Austurgarði 4-6, 245 Suðurnesjabær
Slökkvilið	Strandgata 17, 245 Suðurnesjabær

3.11.4 Garður

VST / Svæðisstjórn	Gerðavegur 20b, 250 Suðurnesjabær
--------------------	-----------------------------------

3.11.5 Vogar

VST / Svæðisstjórn	Iðndalur 5, 190 Vogar
Slökkvilið	Iðndalur 4, 190 Vogar
HSS heilugæsla	Iðndalur 2 190 Vogar

3.11.6 Keflavíkurflugvöllur

VST	Húsnæði flugvallarþjónustu austurhlaði
Slökkvilið	Húsnæði flugvallarþjónustu austurhlaði

4 VIRKJUN

4.1 Alvarleikastig atviks

Almannavarnastigin lýsa alvarleika og eru þrjú, óvissustig, hættustig og neyðarstig. Skilgreiningar á almannavarnastigi, umfangi og forgangi er að finna í reglugerð nr. 650/2009.

Óvissustig

Skilgreining:

- Þegar afla þarf upplýsinga um menn sem óvissa ríkir um.
- Þegar skip, loftfar eða menn hafa ekki komið fram á ákvörðunarstað eða ekkert heyrst frá þeim í tiltekinn tíma.
- Þar sem óvissa ríkir um öryggi skips eða loftfars og þeirra sem í því eru.
- Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.
- Þegar sóttvarnayfirvöld meta þörf á að hefja undirbúning að viðbúnaði vegna farsóttar samkvæmt ráðleggingum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Hættustig

Skilgreining:

- Þegar hefja þarf eftirgrennsan eftir mönnum sem óttast er um.
- Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip, loftfar eða menn hafa ekki borið árangur.
- Þegar upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að sjóhæfni skips sé takmörkuð, flughæfni loftfars skert og menn í vanda staddir, þó ekki svo alvarlegar að líkur séu á neyðarástandi.
- Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða.
- Ef auka þarf viðbúnað og sóttvarráðstafanir vegna yfirvofandi farsóttar.

Neyðarstig

Skilgreining:

- Þegar viðhafa þarf tafarlausa viðbrögð vegna manna sem óttast er um.
- Þegar ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við skip, loftfar eða menn hafa reynst árangurslausar og óttast er að viðkomandi sé í neyð.
- Þegar staðfestar upplýsingar hafa borist um að skip, loftfar eða menn séu í neyð eða yfirvofandi hættu og þarfnist tafarlausrar aðstoðar.
- Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað svo sem vegna farsóttar.

4.2 Forgangur

Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atburðar. Við boðun viðbragðsaðila vegna almannavarnaaðgerða skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi.

F1 – Mesti hraði.

F2 – Mikill hraði.

F3 – Lítill hraði.

F4 – Ekki forgangur.

4.3 Umfang atburðar

Umfang atburðar er táknað með litum, grænn, gulur og rauður svartur.

Grænt

Slysi eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið. Daglegar bjargar í umdæminu sinna atvikinu án aukins viðbúnaðar.

Gult

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu. Umfang þar sem daglegar bjargar í umdæminu sinna atvikinu auk þátttöku valinna bjarga.

Rautt

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna. Umfang þar sem daglegar bjargar í umdæminu þurfa utanaðkomandi aðstoð.

Svart

Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

4.4 Boðun

Stjórnskipulag almannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum virkjast sjálfkrafa við virkjun atvikaáætlunar eða almannavarnaástandi er lýst yfir í umdæminu. Atvikaáætlanir segja til um fyrsta viðbragð í framhaldi af virkjun og þörf fyrir umfang bjarga er ákveðið af AST og miðast við fjölda ætlaðra þolenda í hverju tilviki fyrir sig ásamt umfangi og aðstæðum hverju sinni.

Forsendur virkjunar atvikaáætlanna liggja í samráði við neðangreindra aðila og /eða viðeigandi atvikaáætlunar.

- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar
- Flugturninn á Keflavíkflugvelli (flugatvik)
- Flugstjórnarmiðstöð í Reykjavík (flugatvik)
- Landhelgisgæsla Íslands (sjóatvik)

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð eru aðgerðir í umdæminu undir stjórn aðgerðastjórnar. Aðgerðastjórn metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

Einungis aðgerðastjórn hefur heimild til að afboða eða breyta viðbúnaðarstigum eftir að áætlun hefur verið virkjuð í umdæminu að höfðu samráði við Samhæfingar- og stjórnstöð. Breytingar á háskastigi skal boða út samkvæmt boðunaráætlun viðkomandi atviksáætlunar hverju sinni. Sjá nánar lið 4.5

Þeir viðbragðsaðilar sem bregðast við á þessum stigum eru boðaðir samkvæmt boðunaráætlun viðkomandi áætlunar.

Neyðarlínan 112 annast boðun.

Skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun viðeigandi atvikaáætlunar og hvaða háskastig skuli virkja:

- ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG
- F1 F2 F3 F4

- Grænn, Gulur, Rauður, Svartur
- Líklega staðsetningu atburðar í hnitum skv. korti
- Ef við á að senda út ákveðin svæðisbundin boð

Neyðarlínan tryggir boðun með SMS og að koma upplýsingum til bjarga á TETRA talhóp **Blár 2 - 0 og öðrum viðeigandi fjarskiptum**.

Við boðun stofnar Lögregla/FMR aðgerð í aðgerðagrunni AVD.

Viðbragðsaðilar á leið á vettvang skrá í upplýsingar um hóp/hópa í aðgerðagrunninn.

- Hverjir eru í hópi
- Hvaða tæki
- Sérþekking hóps,
- /meðlima og geta
- Tækjabúnaður meðferðis

4.5 Afboðun

Aðgerðastjórn tilkynnir til Samhæfingar- og stjórnstöðvar (SST) sé hún virk, SST tilkynnir Neyðarlínu um afboðun sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

4.6 Afboðun vegna FFK

Flugturn virkjar og hefur heimild til að hækka eða lækka viðbúnaðarstig ef ástand breytist um borð í flugfari án aðkomu AST í flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll.

Ef AST er ekki orðin virk í flugslysaáætlun hefur flugturn heimild til að afboða viðbúnað, annars í samráði við AST. Flugturn stöðvar hreyfingar á flugvelli en samráð við AST þarf til að aflétta því banni.

Í minni virkjunum er það björgunarstjóri á Keflavíkurflugvelli sem metur ástand á vettvangi og flugturn afboðar nema AST sé virk, þá þarf samráð AST og flugturns.

AST og flugturn hafa samráð um afboðun og tilkynnir flugturn til Neyðarlínu sem sendir tilkynningu með SMS sendingu. AST og VST tilkynna um Tetra fjarskipti til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir um afboðun.

5 STJÓRNKERFI

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnskipulagsins



5.2 Aðgerðastjórn (AST)

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögreglustjóri eða fulltrúi hans situr í AST ásamt fulltrúa almannavarnanefndar og fulltrúum hlutaðeigandi viðbragðsaðila samkvæmt virkjaðri atvikssáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. AST starfar í samvinnu við SST. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í umdæminu. Aðgerðastjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Aðgerðastjórn AST er skipuð fulltrúum:

- Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögreglustjóri skipar **aðgerðastjóra**.
- Almannavarnanefndanna.
- Slökkviliðs Brunavarna Suðurnesja, er bakland slökkviliða.
- Svæðisstjórnar á svæði 2.
- Rauða krossins á Íslandi.
- Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS).
- Isavia (í flugtengdum atvikum).
- Öðrum eftir atvikum t.d fulltrúum sveitarfélaga, Veðurstofu, LHG, Vegagerð, Ferðamálastofu, raf- og fjarskiptafyrirtæki og flugrekstrarðilum.

Stjórnandi skipar fólk í stöðu/verkefni samkvæmt SÁBF

Aðsetur AST: Slökkvistöð Brunavarna Suðurnesja að Flugvöllum 33 í Reykjanesbæ.

Varaaðsetur: Eftir ákvörðun aðgerðastjóra hverju sinni.

Helstu verkefni AST eru eftirfarandi:

- ☐ Virkja innra skipulag AST og tryggja hlutverk samkvæmt SÁBF kerfinu.
- ☐ Skipar öryggisstjóra sem vinnur undir stjórnanda.
- ☐ Stjórn, samhæfing og forgangsroðun heildaraðgerða innan lögregluumdæmis.
- ☐ Utanumhald með björgum innan umdæmis.
- ☐ Endurmat á háskastigi og umfangi.
- ☐ Tryggja virkjun VST eða skipun vettvangsstjóra.
- ☐ Stuðningur við vettvangsstjórn (VST).
- ☐ Samskipti við SST á TETRA SST Blár til öflunar á björgum utan umdæmis og samræmingar á landsvísu.
- ☐ Heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan lögregluumdæmis.
- ☐ Samskipti við fjölmiðla – á fyrstu stigum aðgerða getur AST óskað eftir við SST að þau sjái um samskipti við fjölmiðla.
- ☐ Tryggja skráningu og meðferð upplýsinga.
- ☐ Utanumhald um fjármál aðgerða.
- ☐ Tryggja fjarskipti við alla aðila (VST, SST, LHG/JRCC, FHS og aðra eftir atvikum).
- ☐ Gerir stöðumat á björgum í umdæminu.
- ☐ Gerir stöðumat á samgöngum í umdæminu.
- ☐ Gerir stöðumat á heilbrigðiskerfinu í umdæminu.
- ☐ Ákveða tíma fyrir stöðufundi.

5.3 Verkbáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn

Verkaskipting er samkvæmt verkbáttaskipuriti fyrir AST. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.



5.4 Vettvangsstjórn (VST)

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra.

Vettvangsstjóri kemur alla jafna úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn.

VST er skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni á Suðurnesjum, vettvangsstjóri.
- Slökkviliði svæðisins.
- Fulltrúi svæðisstjórnar/ björgunarsveitar – á skaðasvæði.
- Fulltrúi heilbrigðisstofnunar (HSS).
- Öðrum eftir atvikum, Veðurstofu, LHG, Isavia, Vegagerð, raf- og fjarskiptafyrirtæki o.fl.

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni eftir SÁBF

Aðsetur VST: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við AST hverju sinni.

Helstu verkefni VST eru eftirfarnadi eftir virkjun:

- ☐ Virkja innra skipulag VST og tryggja hlutverk samkvæmt SÁBF kerfinu.
- ☐ Stjórn, samhæfing og forgangsroðun heildaraðgerða á vettvangi.
- ☐ Tilnefna öryggisfulltrúa fyrir VST sem starfar undir vettvangsstjóra í samvinnu við öryggisstjóra í AST.
- ☐ Tryggja fjarskipti við verkþáttastjóra og við AST.
- ☐ Tryggja uppsetningu á MÓT, SSS, SSL og biðsvæðum, ef við á.
- ☐ Tryggja innri lokanir.
- ☐ Tryggja skráningu og meðferð upplýsinga.
- ☐ Ákveður tíma fyrir stöðufundi.
- ☐ Tryggja öryggi á vettvangi.
- ☐ Tryggja fjarskipti við AST.

5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna, en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Slökkvilið / björgunarsveit	Við slysstað
Aðhlynningarstjóri	HSS/sjúkraflutningar/björgunarsveit	Við slysstað / söfnunarsvæðin
Gæslustjóri	Lögreglan	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Svæðisstjórn/björgunarsveit	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útteila verkefnum.

Björgunarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við húsarúst/flak, þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki, burð þolenda að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun. Verkefni Björgunarstjóra eru:

- **Leit:** Finna og staðsetja þolendur.
- **Björgun:** Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað.
- **Slökkvistarf:** Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- **Viðbrögð við mengun:** Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.
- **Bráðaflokkun:** Forgangaðá áður en flutt er frá SLY.

Aðhlynningarstjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra. Fyrsta verk aðhlynningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað. Verkefni Aðhlynningarstjóra:

- **Áverkamat:** Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð:** Til að tryggja öryggi þolenda fram að og við flutning.
- **Forgangsroðun:** Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.
- **Söfnunarsvæði slasaðra (SSS).** Stýrir áverkamati og stýringu á þolendum frá SSS á sjúkrahús.

Gæslustjóri stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Verkefni Gæslustjóra:

- **Lokun svæða:** Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir og almenn umferð.
- **Talning:** Talning og flæði þolenda.
- **Ástandskönnun svæða:** T.d. heimsóknir, skipulega farið á hvert heimili og mikilvæga staði til nánari skoðunar. Hraðkönnun innviða, vegir, brýr, helstu mannvirki, rafmagn, fjarskipti. Kallaðir til sérfræðingar til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

Flutningastjóri stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni Flutningastjóra:

- **Móttaka:** Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði:** Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki:** Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær). Tæknileg framkvæmd.

5.6 Verkpáttaskipulag fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöðin (SST)

Samhæfingarstöðin (SST). Hlutverk hennar er samhæfing á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana jafnt í almannavarnarástandi sem og í öðrum aðgerðum ef þörf er á samhæfingu. Nánar er fjallað um samhæfingarstöðina í stjórnskipulagsáætlun SST.

5.8 Upplýsingaflæði / Fjölmiðlar

Samskipti við fjölmiðla eru mjög mikilvæg og að komið sé á góðum samskiptaleiðum í upphafi aðgerða þegar um almannavarnaástand er að ræða.

Samskipti við fjölmiðla er stjórnað og samræmt af:

- Lögreglustjóra / AST (stjórnandi aðgerða) eða fjölmiðlafulltrúa skipaður af honum
- SST (samhæfing aðgerða)

Aðgerðastjóri í samráði við vettvangsstjórn tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan á björgunaraðgerðum og rannsóknarvinnu stendur. Fjölmiðlar sem fá aðgang að vettvangi skulu vera í fylgd með fulltrúa vettvangsstjóra og skal fyllsta öryggis gætt. Tryggt skal að aðkoma fjölmiðla trúfli ekki aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fyllsta nærgætni.

Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í slysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki lögreglustjóra.

Aðeins skal upplýsa um staðreyndir, ekki persónulegt álit starfsmanna, eða velta fyrir sér ástæðum er leiddu til aðgerðar. Ekki skal gefa upp nöfn einstaklinga sem í hlut eiga.

Lögregla: Upplýsingagjöf og öflun er á ábyrgð lögreglu.

LHG: Upplýsingagjöf og öflun um það sem gerist á sjó er á ábyrgð Landhelgisgæslunnar.

Rauði krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg: Í sameiginlegum aðgerðum ber Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Rauða krossinn á Íslandi og AVD að hafa með sér samráð í samskiptum við fjölmiðla.

Hafnir: Sjá um að veita upplýsingar um ástand hafna og hafnarmannvirkja.

Isavia: Upplýsingafulltrúi Isavia er í samskiptum við fjölmiðla í samráði við AST og SST vegna flugtengdra atvika. Upplýsingafulltrúi vísar fjölmiðlum á lögreglustjóra eða Landhelgisgæslu eftir því sem við á.

Útgerð/flugrekandi: sér um upplýsingar um skipið eða loftfarið og atriði er snúa að rekstri viðkomandi.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara aðila hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

5.9 Sjúkraflug

Eftir að Neyðarlínan hefur boðað út skv. boðunaráætlun er SST mönnuð. SST leitar eftir upplýsingum frá AST um þörf á björgum til að senda með sjúkraflugvél. Nánari útlistum sjúkraflugs er í stjórnskipulagsáætlun SST.

6 STARFSSVÆÐI

Starfssvæðin sem skipuleggja þarf þegar tekist er á við atvik þar sem fjöldi þolenda á í hlut. Ef ekki er um að ræða atvik, þar sem margir eru slasaðir, þá er ekki þörf á að virkja öll starfssvæðin. Betra er að virkja starfssvæðin í upphafi og afturkalla þegar ljóst er að ekki er þörf á þeim.

Lýsing á starfssvæðunum og hver tekur ákvörðun um virkjun og staðsetningu þeirra er í atvikaáætlunum, ákveðin staðsetning og hvaða einingar sinna hverju starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum atburðarins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur:

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Móttaka bjarga (MÓT)

Biðsvæði bjarga (BB)

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning: Ákveðin af AST og VST, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun

Verkpáttastjóri: Flutningastjóri

Hverjir sinna: Svæðisstjórn björgunarsveita sv 2

Þegar MÓT er virkt:

- Skrá allar bjargir sem koma á MÓT, tæki, stærð einingar, kallmerki
- Ráðstafa björgum í verkefni eftir beiðnum frá verkpáttastjórum
- Kalla eftir hjá Gæslustjóra umferðarskipulag ef við á
- Tryggja aðila til að sinna móttöku þyrlna ef við á
- Tryggja umsjón biðsvæða, ef við á

Kortatákn:

Móttökustaður

Lendingarsvæði þyrlnu

MÓT

LÞ


6.2 Biðsvæði bjarga (BB)

Starfsemi:	Staðir sem bjargir bíða frekari fyrirmæla eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum frá VST. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við MÓT . Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri- eða ytri-biðsvæði).
Staðsetning:	Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningsstjóra, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun
Verkpáttastjóri:	Flutningastjóri
Hverjir sinna:	Svæðisstjórn björgunarsveita sv 2

Þegar BF, BH eða BTB er virkjuð:

- Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði.
- Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. Beiðni.
- Skráning flutningatækja og flutningsgetu.
- Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna.
- Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði.
- Sending tækja og / eða búnaðar skv. Beiðni.

Kortatákn: Biðsvæði
bjarga



|

6.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)


Starfsemi:	Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis flakið og hreinsunarstörf.
Staðsetning:	Staður þar sem slys eða atburður átti sér stað og fólk er í hættu vegna afleiðinga þess. Afmarkast oftast af innri lokun.
Staðsetning sjór:	Staður á sjó þar sem flugvél, bíll, bátur eða skip hafa orðið fyrir óhappi eða farist.
Verkpáttastjóri:	Björgunarstjóri
Aðrir stjórnendur:	Sjá viðkomandi atvikaáætlun.
Hverjir sinna:	Sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Einnig starfa fulltrúar rannsóknardeildar lögreglu og Rannsóknarnefnd samgönguslysa á og við slysstaðinn. Þessir aðilar fylgja sérstakri áætlun um rannsókn svæðisins og falla ekki undir stjórn björgunarstjóra.

Verkefni og verkaskipting

- | | |
|--------------------------------------|---|
| • Slökkvistörf, eld- og mengunarv. | Slökkvilið. |
| • Lífsbjargandi aðstoð | Slökkvilið/greiningarveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir. |
| • Björgun úr flaki/rúst | Slökkvilið / björgunarveitir. |
| • Burður slasaðra frá flaki/rúst | Slökkvilið / björgunarveitir. |
| • Leit umhverfis flak/rúst | Björgunarveitir/Lögreglan. |
| • Hreinsunarstörf | Slökkvilið. |
| • Bráðaflokkun | Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir. |
| • Umönnun þolenda | Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir/RKÍ. |
| • Undirbúningur fyrir flutning á SSS | Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir. |
| • Hleðslustjórn | Yfirmaður greiningarsveitar HÞ/björgunarveitir. |
| • Hleðsla sjúkrabifreiða | Sjúkraflutningslið/björgunarveitir. |
| • Talning í flutningi á SSS | Gæslustjóri/lögreglan. |
| • Flutningur slasaðra til SSS. | Sjúkraflutningslið/björgunarveitir. |

Kortatákn:




6.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Starfsemi:	Staður sem þolendum er safnað á til áverkamats, skráningar, umönnunar og forgangsröðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og afhleðsla sjúkrabifreiða. Gefa þarf fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi.
Staðsetning:	Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við AST, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun
Verkpáttastjóri:	Aðhlynningarstjóri
Aðrir stjórnendur:	Sjá viðkomandi atvikaáætlun.
Hverjir sinna:	Sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|--|--------------------------------------|
| • Áverkamat slasaðra. | Læknar/heilbrigðisstarfsfólk/BJSV. |
| • Skráning/talning þolenda við móttöku og brottför. | Lögregla/Björgunarsveitir. |
| • Forgangsröðun í flutningi frá SSS til sjúkrahúss. | Stjórnandi, læknir /SST. |
| • Fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi. | Stjórnandi, læknir. |
| • Umönnun og undirbúningur fyrir flutning. | Sjúkrafl/Heilbrigðisstarfsfólk/BJSV. |
| • Afhleðsla og hleðsla sjúkrabifreiða á SSS. | Björgunarsveitir.. |
| • Innri starfssemi á græna svæðinu. | RKÍ / björgunarsveitir. |

Kortatákn:



6.5 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Starfsemi:	Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað saman, kennsl, skráning og skýrslugerð fer fram.
Staðsetning:	Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjóra í samráði við vettvangsstjóra, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.
Verkpáttastjóri:	Gæslustjóri
Hverjir sinna:	Lögreglan. Kennslanefnd ríkislögreglustjóra. Læknir.

Verkefni og verkaskipting

- | | |
|---------------------------------------|---------------------------|
| • Uppsetning svæðisins og gæsla þess. | Lögreglan. |
| • Bera kennsl á látna. | Kennslanefnd. |
| • Skráning og skýrslugerð. | Lögreglan / Kennslanefnd. |
| • Úrskurða einstaklinga látna. | Læknir. |

Kortatákn:



6.6 Gæslustörf á vettvangi

Starfsemi:	Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talning. Kannar ástand helstu innviða og kallar til sérfræðinga ef þörf þykir til mats á innviðum.
Verkpáttastjóri:	Gæslustjóri
Ytri lokun:	Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST eða einstökum áætlunum.
Innri lokun:	Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST eða einstökum áætlunum.
Hverjir sinna:	Lögreglan, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting

• Uppsetning á innri lokun við slysstað.	Lögreglan.
• Verndun vettvangs vegna rannsóknar.	Lögreglan.
• Skipulag á umferðastjórn og lokunum innan vallar.	Lögreglan/Björgunarsveitir.
• Umsjón með söfnunarsvæði látinna.	Lögreglan.
• Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða.	Lögreglan.
• Löggæsla og verndun á slysavettvangi.	Lögreglan.
• Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði.	Lögreglan/Björgunarsveitir.
• Ytri lokanir.	Lögreglan/Björgunarsveitir.
• Leiðbeina og stjórna umferð.	Lögreglan /Björgunarsveitir.


Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.


6.7 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Starfsemi:	Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar, sálfélagslegs stuðnings.
Staðsetning:	Samkvæmt ákvörðun aðgerðarstjórnar, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.
Ábyrgð:	Aðgerðastjórn
Aðrir stjórnendur:	Rauði krossinn á Íslandi.
Hverjir sinna:	Rauði krossinn á Íslandi - sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting

- | | |
|---|---|
| • Upplýsingagjöf til aðstandenda. | RKÍ. |
| • Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur. | RKÍ. |
| • Almennur sálfélagslegur stundningur. | LSH / RKÍ / prestar. |
| • Sameining aðstandenda og lítið slasaðra. | RKÍ. |
| • Koma upp aðstöðu fyrir SSA. | RKÍ. |
| • Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við | RKÍ / utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi sendiráð / ræðismann. |

Kortatákn:




6.8 Fjöldahjálparstöð (FHS)

Starfsemi:	Staður þar sem þolendum náttúruhamfara eða annarra alvarlegra atburða er boðið öruggt skjól, og helstu nauðsynjar.
Staðsetning:	Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjórnar, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun Fjöldahjálparstöð RKÍ samkvæmt skilgreiningu þeirra á vef RKÍ.
Ábyrgð:	Aðgerðastjórn.
Aðrir stjórnendur:	Rauði kross Íslands stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
Hverjir sinna:	Rauði krossinn. Áfallateymi. Heilbrigðisstofnun. Starfsmenn þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Félagsþjónustan.

Verkefni og verkaskipting

- | | |
|---|---|
| • Almenn aðstoð við þolendur í kjölfar atburðar. | RKÍ/prestar/. |
| • Almenn sálgæsla huggun og andleg uppörvun. | RKÍ/prestar. |
| • Sameining aðstandenda og lítið slasaðra. | RKÍ. |
| • Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við | RKÍ / utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi sendiráð / ræðismann. |

Kortatákn:



6.9 Talning/Skráning

Starfsemi:	Talning og staðsetning þolenda við slysstað og á söfnunarsvæðum. Hafa yfirsýn með hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talningapóstum og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.
Staðsetning:	Talið við slysstað (bráðaflokkun), Inn og út af söfnunarsvæðum. Talið við flutning út fyrir YL og afrifa skilin eftir.
Verkpáttastjóri:	Gæslustjóri
Hverjir sinna:	Lögreglan, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun

Kortatákn:

TALNING

Verkefni og verkaskipting

Á slysstað:

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað. Björgunarstjóri kemur upplýsingum úr bráðaflokkun til Gæslustjóra.

Á söfnunarsvæði slasaðra (SSS):

Talið inn og út af söfnunarsvæði slasaðra SSS. Talningar staðfestar reglulega.

Á söfnunarsvæði látinna (SSL)

Þar er talið inn og fer fram skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu

Þegar þolendur fara af SSS á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan vettvangs skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda við síðasta talningapóst.

Það er hlutverk VST í samvinnu við AST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.

7 FJARSKIPTI / SAMSKIPTI

Neyðarfjarskipti viðbragðsaðila fara í gegn um talhóp **Blár 2-0** á leið á vettvang (uppl. gjöf frá 112/FMR til viðbragðsaðila þar til einhver er komin á vettvang). Annað hvort er haldið áfram á þessum talhóp eða fyrirmæli um annað eru gefin út af AST.

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að tryggja samskipti í gegn um TETRA skal virkja varafjarskiptaskipulag, sjá kafla 7.2. Einnig er möguleiki að koma upp endurvarpa eða gátt fyrir TETRA kerfið.

Ef um langtímaverkefni er að ræða er hægt að fara með fjarskipti á talhóp **Blár 10-X** með sömu undirhópa og í öðrum möppum. SST úthlutar **Blár 10-X** til notkunar. Með þessu er talhópur **2-0** laus fyrir daglega þjónustu

VHF getur einnig nýst í ákveðnum verkefnum sem eru langt utan alfaraleiðar og búa björgunarsveitir yfir búnaði til að varpa þeim samskiptum yfir á TETRA talhóp.

Ef um langtíma verkefni er að ræða er hægt að fara með fjarskipti á talhóp blár 10-x með sömu undirhópa og í öðrum möppum. Er það gert með samþykki SST hverju sinni. Með þessu er talhópur 2-x laus fyrir daglega þjónustu.

Fjarskipti á sjó fara alltaf fram á **VHF rás 16** í neyð og er stýrt af LHG.

Nánari upplýsingar um samvinnutalhópa á TETRA er að á vefnum almannavarnir.is.

7.1 Grunnskipulag fjarskipta

Grunnskipulag fjarskipta er sem hér segir:

Viðbragðsaðilar á leið á vettvang hlusta á upphafstalhópin **TETRA BLÁR 2 – 0** og spara óþarft tal á talhópnum.

- Samhæfingarstöðin og aðgerðastjórn eru með sín samskipti á **TETRA SST - BLÁR**
- Aðgerðastjórn - Vettvangsstjórn eru með sín samskipti á **TETRA AST – 2**
- Vettvangsstjórn – verkþáttastjórnar eru með sín samskipti á **TETRA VST - 2**
- AST, SST og vísindamenn eru með sín samskipti á **TETRA Gulur 2 - 1**
- Innbyrðis fjarskipti innan einstakra verkþátta taka mið af aðstæðum (TETRA og VHF).
- Aðhlyningarstjóri er í sambandi við AST og SST varðandi sjúkraflutninga á **TETRA BLÁR 2 – 5** eftir því sem við á (SST getur fært verkefnið á annan talhóp ef álag gefur tilefni til) ásamt HSS.
- Samskipti við veitur, bæjarfélög og aðra jaðaraðila eru á talhópnum **TETRA SST-Gulur**

AST getur eftir umfangi úthlutað talhópum utan grunnskipulags í þau verkefni sem þurfa þykir.

Blár 2

Suðurnes

Upphafstalhópur er Blár 2-0

Blár

- Aðgerðastjórn
- Björgunarsveitir
- Isavia
- Rauði krossinn á Íslandi
- Allir sem hafa aðgang að rauðum talhópum

Vinnutalhópar ætlaðir til notkunar eftir þörfum hverju sinni.

Gulur

- Fjarskiptafyrirtæki
- Hafnir
- Jarðvísindastofnun
- Strætó
- Sveitarfélög
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Veitustofnanir
- Þjóðgarðar og náttúruverndarsvæði
- Allir sem hafa aðgang að rauðum og bláum talhópum

Gulir talhópar 2-4 og 2-5

Neyðarlínan 112 og FMR útluta eftir þörfum. Fyrir notendur utan viðbragðsgeirans og hefðbundinnar notkunar gulra talhópa.

Allir sem hafa aðgang að rauðum, bláum og gulum talhópum.

Samvinna við stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki sem ekki teljast til hefðbundinna viðbragðsaðila en geta haft aðkomu að málum þar sem viðtækrar samhæfingar er þörf.

Blár 2

Blár 2-1

Björgunarsjóri

Blár 2-2

Aðhlynningsstjóri

Blár 2-3

Gæslustjóri

Blár 2-4

Flutningsstjóri

Blár 2-5

Umsýsla þolenda

Blár 2-6

Vinnuhópur RKÍ

Blár 2-7

Vinnuhópur LHG, gáttun VHF 16 og TETRA

Blár 2-8

Vinnuhópur dróna

Blár 2-9

Auka talhópur til úhlutunar eftir þörfum

SST Blár

Vinnuhópur SST og AST

SST Blár B

Vinnuhópur SST og AST, auka

AST-2

Vinnuhópur AST og VST

VST-2

Vinnuhópur VST og verkþáttastjóra

Gulur 2

Gulur 2-1

Skip

Gulur 2-2

Sveitarfélög, veitur og fleira

Gulur 2-3

Auka talhópur til úhlutunar eftir þörfum

Gulur 2-4

Utan hefðbundinnar notkunar gulra hópa

Gulur 2-5

Utan hefðbundinnar notkunar gulra hópa

SST Gulur

Vinnuhópur SST og annarra gulra vinnuhópa

SST Gulur B

Vinnuhópur SST og annarra gulra vinnuhópa

Athugið að rauðir talhópar eru notaðir í einstaka tilfellum þar sem um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar.

7.2 Varafjarskiptaskipulag

Við kerfisbilun í TETRA skal nota **DMO Neyð** sem upphafstalhóp aðgerða. Skipt er yfir á DMO TETRA með því að halda inni "0" á takkaborði TETRA stöðvar í 2 sek. Fjarskipti á DMO TETRA byggja á sjónlínu á milli aðila og eru þar af leiðandi skammdrægari en venjulega í TETRA kerfinu. Þetta er varaleið og líklegt að samskipti muni ganga verr en venjulega. Nota skal kallmerki í samskiptunum.

Eins er varafjarskiptaleið möguleg hjá björgunarsveitum í gegnum VHF kerfið

8.0 Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn
1.0	19.06.2025	Fyrsta útgáfa	ASE